



Fundargerð

353. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

19. ágúst 2022

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Helga Hildur Snorradóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hanna Lía Einarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, María Petrína Berg fulltrúi leikskólastjóra, Áslaug Unadóttir fulltrúi leikskólakennara, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Skipting embættanna í fræðsluráði (2022060216)

Á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar þann 7. júní 2022 voru eftirtaldir kjörnir aðal- og varafulltrúar í fræðsluráði kjörtímabilið 2022-2026:

Aðalfulltrúar: Sighvatur Jónsson (B), Guðný Birna Guðmundsdóttir (S), Halldór Rósmundur Guðjónsson (Y), Harpa Björg Sævarsdóttir (U), Gígja Sigríður Guðjónsdóttir (D).

Varafulltrúar: Dýana Hilmarsdóttir (B), Sverrir Bergmann Magnússon (S), Þórarinn Darri Ólafsson (Y), Þórdís Elín Kristinsdóttir (U), Unnar Stefán Sigurðsson (D).

Fræðsluráð kaus í eftirtalin embætti:

Guðný Birna Guðmundsdóttir var kjörin formaður fræðsluráðs.

Sighvatur Jónsson var kjörinn varaformaður fræðsluráðs.

Halldór Rósmundur Guðjónsson var kjörinn ritari fræðsluráðs.

2. Erindisbréf og hlutverk fræðsluráðs (2022060217)

Erindisbréf fræðsluráðs lagt fram til kynningar.

3. Siðareglur kjörinna fulltrúa (2022060218)

Siðareglur kjörinna fulltrúa lagðar fram. Fulltrúar í fræðsluráði staðfesta að hafa lesið reglurnar.



4. Kynning á fræðsluviði (2022080377)

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi kynntu fræðsluvið, þjónustubætti og helstu verkefni sviðsins.

Fulltrúar B, S, Y og U lista í fræðsluráði lögðu fram eftirfarandi bókun vegna stöðu leikskólaplássanna í Reykjaneshæ:

„Í Reykjaneshæ hefur fjölgun íbúa verið mjög mikil undanfarin ár. Í því samhengi má nefna að síðustu 12 mánuði hefur fjölgunin verið 7,7% en slík fjölgun telst mikil á einu ári. Íbúar Reykjaneshæjar voru í júlí 2022 orðnir 21.420 talsins. Alls eru 1478 börn á aldrinum 0-5 ára í bænum okkar en fjölgun barna á þessu aldursbili hefur verið mjög hröð. Árgangurinn 2020 er til að mynda stærsti árgangur sveitarfélagsins sem farið hefur í leikskóla.

Í Reykjaneshæ eru alls 11 leikskólar og hafa öll tæplega 300 börnin fædd árið 2020 fengið pláss í leikskóla. Ljóst er að börn fædd 2021 bíða því eftir lausu pláss sem losna alla jafna ekki fyrr en elsti árgangurinn fer í skóla, en við höfum alla jafna ekki náð að taka inn börn undir tveggja ára vegna fjölda barna.

Reykjaneshæ vex sem aldrei fyrr og verðum við að horfa í breyttar aðstæður. Foreldrar sem til okkar flytja þurfa dagvistunarúrræði og við sem sveitarfélag á öflugum atvinnusvæði verðum að svara því kalli. Fjölgun íbúa er vissulega áskorun en að sama skapi tækifæri.

Fyrirhugað er að þrjú nýir leikskólar opni í Reykjaneshæ á næstu árum: Leikskóli í Dalshverfi 3, leikskóli í Hlíðahverfi auk þess sem leikskólinn í Stapahverfi klárast. Skipulagsvinna við alla leikskólana er hafin en komin mislangt á veg. Þar til þessar byggingar verða tilbúnar er ljóst að grípa þarf til annarra úrræða til að brúa bilið. Aðgerðaáætlun því tengd er hafin þar sem kannaðir eru möguleikar til fjölgunar dagvistunarúrræða auk mögulegrar stækkunar við núverandi leikskóla.

Við viljum árétta að málefnið er í hæsta forgangi og leitað verður allra leiða til að koma til móts við foreldra í samfélaginu okkar. Um leið og við höfum frekari svör til kynningar munu þau verða birt og reynt að hraða ferlinu eins faglega og hægt er í hag barnanna í Reykjaneshæ.“

Guðný Birna Guðmundsdóttir
Sighvatur Jónsson
Halldór Rósmundur Guðjónsson
Harpa Sævarsdóttir

Fulltrúi D-lista lagði fram eftirfarandi bókun:

„Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að það verði strax farið í aðgerðir við að finna skammtímalausnir í dagvistun barna í Reykjaneshæ á meðan uppbygging á leikskólum á sér stað.

Það þarf að skoða alla möguleika til að fjölga leikskólakennurum og leikskólum. Það þarf að efla dagforeldrakerfið með stuðningi Reykjaneshæjar og vinna með foreldrum að fjölbreytilegum lausnum.



Skoða hvort hægt sé að færa hluta af 5 ára börnum inn í grunnskóla til skammtíma undir eftirliti fagfólks til að fleiri börn fái úrræði.

Greiða foreldrum barna sem eru heima eftir 18 mánaða aldur styrk á meðan beðið er eftir leikskólaplássi.

Finna bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskólabörn á meðan verið er að klára byggingu leikskóla.“

Gígja Sigríður Guðjónsdóttir

5. Fundaskipulag fræðsluráðs skólaárið 2022-2023 (2022010008)

Fundur fræðsluráðs skólaárið 2022-2023 verða annan föstudag í mánuði.

6. Umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsum (2022050019)

Lögð fram umsókn um starfsleyfi fyrir dagforeldri frá Magda Malgorzata Pabisiak. Öll tilskilin gögn eru fyrir hendi.

Starfsleyfið er veitt.

7. Umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsum (2022060622)

Lögð fram umsókn um starfsleyfi fyrir dagforeldri frá Lina Valiuvienne. Öll tilskilin gögn eru fyrir hendi.

Starfsleyfið er veitt.

8. Menntun til sjálfbærni - ákall til sveitarstjórna (2022050718)

Lagt fram erindi frá kennurum og fræðimönnum sem starfa við kennslu á menntun til sjálfbærni víða um land, á ólíkum skólastigum, þar sem sveitarfélög eru hvött til að setja menntun til sjálfbærni í forgang.

Fræðsluráð fagnar erindinu. „Við og jörðin“ er ein af fimm megin stefnuáherslum í menntastefnu Reykjanesbæjar þar sem lögð er áhersla á menntun til sjálfbærni. Ráðið óskar eftir að fá nánari kynningu á málefningu.

9. Markaðsstefna Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2021110284)

Menningar- og atvinnuráð óskar eftir umsögn ráða og nefnda Reykjanesbæjar um drög að markaðsstefnu Reykjanesbæjar.

Fræðsluráð telur að setja þurfi fram hnitmiðaðri stefnuáherslu en fram koma í drögum að markaðsstefnu Reykjanesbæjar frekar en að þar sé farið yfir niðurstöður greiningarvinnu. Í kjölfarið verði síðan unnin aðgerðaáætlun sem byggir á stefnunni. Einnig telur ráðið að leggja þurfi áherslu á fræðslumál sem oft eru meginforsendur þegar fólk velur sér stað til búsetu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25.